



## Íslenska 9. bekkur 2024-2025

Á skólaárinu er ætlast til að nemendur dýpki þekkingu sína á heimi Íslendingasagna með lestri Laxdæla sögu og fjölbreyttri verkefnavinnu tengdri lestrinum auk þess að lesa íslenskar unglingsbækur og vinna að verkefnum tengdum þeim. Einnig verður hlustað á útvarpsleikrit úr sögunni Vetrarfrí eftir Hildi Knútsdóttur. Í málfræði er markmiðið að nemendur öðlist þekkingu á ýmsum málfræðihugtökum með áherslu á sagnorð. Einnig verður framsögn þjálfuð og nemendur lesa og hlusta á mismunandi ljóð og læra að þekkja ýmis ljóðahugtök.

### **Kennsluaðferðir**

Ýmsar leiðir eru farnar í kennslunni, t.d. er viðhöfð bein kennsla, einstaklingsvinna, samvinnunám og hópavinna, ritunarverkefni, skapandi verkefni og áhorf.

### **Námsefni**

Málfinnur, Laxdæla, Kveikjur, Neistar, Útbrot, Stafsetning fyrir heimili og skóla, ljósrituð verkefni og annað efni frá kennara og skáldsagan Vertu ósýnilegur – Flóttasaga Ishmaels. Auk þess verður unnið með námsefni af vef.

### **Námsmat**

Hópavinna og kynningar eru metnar, stafsetning, verkefnavinna úr bókmenntum, samvinnuþróf, sagnorðakönnun, framsögn/flutningur á ljóði og tímaverkefni úr kvikmyndum.

**Kennarar** - Guðfinna Auður Guðmundsdóttir og Lilja Jóna Torfadóttir, sérkennari er María Skúladóttir.